

Umsögn um þingmál 167 Náttúruvernd

Ég undirrituð Kt 010666-4499 legst eindregið gegn því að Náttúruverndarlög, nr. 60/2013, sem taka eiga gildi 1. apríl 2014, verði felld úr gildi. Virðingarvert er ef meirihluti Alþingis vill endurskoða löggin í samræmi við áherslur þeirra tveggja stjórnmalaflokka sem mynda ríkisstjórn. Á hinn bóginn standa engin efni til þess að afturkalla löggin í heild sinni og þau rök sem umhverfis- og auðlindaráðherra gripur til reynast haldlaus þegar á er tekið.

Hagsmunir ferðapjónustu felast í ósnortini náttúru og sterkri náttúruvernd. Því er mikilvægt að varúðarreglan sé í hávegum höfð. Varúðarreglan styður við aðrar lagagreinar og eykur vægi verndarákvæða laganna.

Undirrituð tellur ákvæði laga nr. 60/2013 um almannarétt ákaflega mikilvæg. Almennaréttur er ein af frumforsendum ferðapjónustu á Íslandi. Afar bagalegt er að umhverfisráðherra hefur ekkert látið uppi með hverjar áherslur hans verða í þeim efnum þegar og ef nýtt frumvarp verður lagt í hans ráðherratið. Full ástæða er til að óttast að hagsmunir landeigenda verði í fyrirúmi. Jafnvel að opnað verði fyrir gjaldtöku á ferðalanga líkt og gert hefur verið í Kerinu í Grímsnesi.

Undirritaður/undirrituð tekur heilshugar undir athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands. Jafnframt tökum við undir þær athugasemdir Samtaka ferðapjónustu sem beinast að almannaréttinum og nauðsyn þess að hann sé styrktur í sessi.

Virðingarfyllt,
Sigrún Hrönn Hauksdóttir